



Anna Frank og seinni heimsstyrjöldin – VEGA kennsluáætlun

Efni: Heimsækja hús Önnu Frank í sýndarveruleika og öðlast þannig dýpri skilning á aðstæðum hennar og fjölskyldu í seinni heimsstyrjöldinni

Viðfangsefni: Samfélagsgreinar og bókmenntir

Aldur: 14+/unglingastig

Stutt kynning á verkefninu:

VR leikur: Anne Frank House er upplifun í sýndarveruleikagleraugum sem gerir nemendum kleift að skoða húsið þar sem Anna Frank og fjölskylda hennar var í felum fyrir Nasistum í seinni heimsstyrjöldinni og fræðast frekar um líf þeirra á þessum erfiðu tímum.

Markmið verkefnis:

Að nemendur:

- skilji bakgrunn og afleiðingar seinni heimsstyrjaldar
- öðlist innsýn í líf Önnu Frank
- upplifi samkennd með fólki í erfiðleikum
- sjái og upplifi aflokaðan felustað Önnu og fjölskyldu hennar.

Markmið Aðalnámskrár grunnskóla:

nemandi getur:

- Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.
- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.
- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.

Formlegt mat fyrir kennara

Sjálfsmat nemenda

Fjöldi nemenda & kennslustunda:

- 20 nemendur. (4 nemendur í hóp)
- 9 kennslustundir 60 min. hver kennslustund.

Búnaður og tæki:

- VR gleraugu með Anne Frank House
- Góð nettenging
- Fræðslusefni um seinni heimsstyrjöldina
- Brot úr dagbók Önnu Frank

- Fartölvur/spjaldtölvur

Undirbúningur kennara:

- Fara vel í gegnum Anne Frank House í gleraugunum.
- Skoða efni á heimasíðu Anne Frank House www.annefrank.org sem nota á í kennslu.
- Sjá til þess að gleraugu séu hlaðin þegar á að nota þau.
- Safna saman fræðsluefni um seinni heimsstyrjöldina.
- Ákveða hvaða brot úr dagbók Önnu Frank eru tekin fyrir.
- Búa til verkefnalýsingu í Google classroom og deila með nemendum.
- skipta nemendum niður í 3-4 manna hóp.

Skipulag kennslustunda

Fyrsti hluti (tvær kennslustundir 2x60mín)

Kennslustund 1 & 2

- Verkefnið útskýrt fyrir nemendum
- Fjallað um sögu heimstyrjaldarinnar, bakgrunn, þróun og afleiðingar.
- Notast við fjölbreytar kveikjur, myndbönd, myndir, stutta fyrirlestra og umræður.
- Nemendur vinna í litlum hópum í lok kennslustunda og skila af sér stuttri munnlegri samantekt um efni tímanna.

Annar hluti (5 kennslustundir 5x60mín)

Kennslustund 3, 4, 5 & 6

Nemendum skipt í hópa. Miðað við er við 5 fjögurra manna hópa ef um 20 nemendur er að ræða og þarf þá 5 gleraugu.

Um hringekju er að ræða þar sem hver hópur fer einu sinni í gegnum hvert viðfangsefni, ein kennslustund fyrir hvert viðfangsefni.

1. Lestur á brotum úr dagbók Önnu Frank.

Nemendur fá brot úr dagbók Önnu Frank, gott að jafnvel 2 séu með sama brotið. Þeir lesa brotið og punkta niður sínar vangaveltur. Nemendur með mismunandi dagbókarbrot kynna síðan hver fyrir öðrum og ræða um hvað er fjallað. Gott getur verið fyrir kennara að útbúa leiðbeinandi spurningar fyrir nemendur þeim til aðstoðar.

2. Farið í gegnum heimili Önnu Frank í VR gleraugum.

Nemandi fer inn Anne Frank House í gleraugunum og velur story mode. Hann fer fyrst í gegnum alla frásögnina og í gegnum þau herbergi sem hann er leiddur í. Eftir það er nemandinn hvattur til að punkta niður upplýsingar eða skissa upp/teikna það sem hann sá. Í verkefnalýsingu skal hafa komið fram að nota þarf þessar upplýsingar í lokahluta verkefnis. Nemandinn fer síðan aftur inn í appið og fer nú í gegnum tour mode til að rifja upp það sem hann sá, hann þarf ekki aftur að hlusta á frásögnina frekar en hann hefur vilja og tíma í. Að lokum bætir hann við punkta/skissur eftir því sem við á.

3. Afla frekari upplýsinga um útrýmingabúðirnar.

Nemendum er bent á gagnlegar heimasíður og myndbönd til að koma þeim af stað. Gott að benda þeim á að Anne Frank var fyrst fangi í Auschwitz og lést síðan í Bergen Belzen. Munnleg kynning í lok kennslustundar.

4. Leikur á heimasíðu Önnu Frank <https://www.annefrank.org/en/education/>

Nemendur fara í gegnum leikinn sem gengur út á að taka afstöðu til m.a. framkomu fólks og mismununar. Nemendur taka 10 mínútur í lokin til að skila annað hvort skriflegri samantekt, hljóðskrá eða myndbandi inn á Classroom þar sem þeir fara yfir reynslu af leiknum, hvaða skoðanir komu þar fram og álitamál

5. Myndband um reynslu af gyðingahatri, kynþáttahatri og mismunun á heimasíðu Önnu Frank <https://www.annefrank.org/en/education/product/33/stories-that-move/>

Stutt myndbönd og verkefni þar sem nemendur þurfa að taka afstöðu m.a. til þess sem þeir sjá. Setja ætti verkefnið þannig upp að nemendur ræði sín á milli á hvern hátt svörin þeirra eru ólík eftir hvern þátt. Gott að nemendur vinni þannig í þorum.

Þriðji hluti (3 kennslustundir 3x60 mín).

Undirbúningur kennara

- Tryggja aðgang að verkgreinastofum og efni
- Minna á verklýsingu á Classroom

Kennslustund 7, 8 & 9

Nemendur búa til líkan af íbúð Önnu Frank, að hluta eða allri auk þess sem þeir mega bæta við skapandi útfærslu af öðrum umfjöllunarefnum verkefnisins. Miðað er við að nemendur hafi tvær og hálfu kennslustund til að ljúka verklega þættinum en síðasti hálf tíminn er ætlaður til kynningar nemenda á verkefnum sínum.

Kennari metur

- Vinnu og þátttöku nemenda á meðan verkefninu stendur
- Umræður
- Verkefnaskil á Classroom
- Líkan og skapandi vinnu
- kynningu nemenda